

Hafnarnefndin hefir haldsrétt á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, **86**
unz gjaldið er greitt. 25. júlí

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 1. ágúst 1935 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1935.


Eysteinn Jónsson.

Vígfús Einarsson.

AUGLÝSING

um merkingu á frystu kjöti til útflutnings.

87
25. júlí



(Fyrirmynd að merkingu á frystu kjöti til útflutnings).

Allt fryst kjöt, sem flytja á héðan af landi til Stóra-Bretlands, Danmerkur og Svíþjóðar, skal merkt sem hér segir:

Hver skrokkur skal merktur með orðinu Iceland á bæði læri, á báðar síður ofantil framan við spjaldhrygg og á bæði herðablöð, alls þrjú merki á hvora hlið skrokksins. Skal æðgætt að stimpla skrokkinn nákvæmlega þar sem fyrirmyndin hér að ofan sýnir.

Í kjötstimplana sé notaður fjólublár litur (gentiana violet).

Allt fryst kjöt, sem flutt er til ofanefndra landa, skal metið af löggiltum matsmönnum og skoðað af löggiltum kjötskoðunarlæknum, og skulu hverri kjötsendingu fylgja vottorð um mat og læknisskoðun, samkvæmt ákvæðum laga nr. 39, 19. júní 1933, um kjötmat o. fl. Að öðru leyti fer um alla meðferð kjötsins og geymslu samkvæmt ákvæðum ofanefndra laga og samkvæmt ákvæðum fyrirmæla 27. júlí 1933 um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl., svo og

87 eftir reglum 10. ágúst 1933 um störf kjötmatsmanna og breytingu á þeim regl-
25. júlí um frá 15. júlí 1935.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og eftirbreytni, og eru jafnframt úr gildi felldar eldri auglýsingar um þetta efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1935.

Hermann Jónasson

Vígfús Einarsson.

88
27. júlí

REGLUGERÐ

um Skuldaskilasjóð vélbátæigenda.

Samkvæmt lögum nr. 99, 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátæigenda, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Stofnfé Skuldaskilasjóðs, $1\frac{1}{2}$ milljón króna, tekur sjóðstjórnin að láni með ábyrgð rikissjóðs.

2. gr.

Heimilt er stjórn Skuldaskilasjóðs, með samþykki ráðherra, að gefa út handhafaskuldabréf fyrir sjóðinn, fyrir allt að kr. 1750000,00, og lækkar þá lántökuheimild sjóðsins um 150 kr. fyrir hverjar 175 kr., sem út eru gefnar af handhafaskuldabréfum.

3. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu gefin út í einum flokki. Nafnverð bréfa skal vera 30 kr., 100 kr., 500 kr. og 1000 kr. Skulu þau auðkennd þannig, að 30 kr. bréfin beri bókstafsmerkið A, 100 kr. bréfin bókstafsmerkið B o. s. frv. Í hverjum verðflokki skulu bréfin merkt áframhaldandi tölum. Bréfunum fylgja vaxtamiðar eftir því sem stjórn sjóðsins nánar ákveður.

4. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs bera $4\frac{1}{2}\%$ ársvexti, og greiðast vextirnir á skrifstofu Fiskveiðasjóðs Íslands, gegn afhendingu vaxtamiða, einu sinni á ári, á gjalddaga 31. desember.

Skuldabréfin skulu innleyst á 15 árum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna. Sjóðstjórnin auglýsir í Lögbirtingablaðinu, með sex mánaða fyrirvara, hvaða bréf hafa verið dregin út til innlausnar það ár. Útdregin skuldabréf verða innleyst 31. desember ár hvert. Skulu óinnleystir vaxtamiðar fylgja hinum útdregnu bréfum.

Af útdregnum skuldabréfum greiðast ekki vextir eftir gjalddaga.